



Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/2108
komudagur 10.5.2010

Reykjavík, 7. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt á 138. löggjafarþingi, þskj. 911 – 522. mál

Tilv. 2010050014

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 30. apríl 2010.

Bændasamtök Íslands leggja til að skilgreiningu á hugtakinu netlögum verði breytt til samræmis við lög nr. 62/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sem er svohljóðandi:

„[...] hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115 m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum.“

Netlög eru ekki aðeins sjávarbotn heldur og vatnið yfir botninum. Netlög ná aukreitis ekki eingöngu 115 metra út frá vatnsbakka heldur einnig 115 metra út frá hólum og skerjum sem eru 115 metra eða nær vatnsbakka. Eðlilegt þykir að netlög skv. lögum um skeldýrarækt verði skilgreind til samræmis við hefðbundna skýringu á hugtakinu en þannig að netlög verði einnig skilgreind sem sjávarbotn 115 metra frá stórstraumsfjörumáli landareignar, eyjum, hólum og skerjum.

Þá benda Bændasamtök Íslands á að netlög hafa einnig verið skilgreind svo að þau nái út á dýpi sem nemur 20 möskva selnótar eða út á um 7,5 metra dýpi m.v. stórstraumsfjöruborð þar sem grunnsævi er meira en 115 metrar. Bændasamtök Íslands telja heppilegt að tekin verði afstaða til framangreinds þegar netlög eru skilgreind skv. frumvarpi til laga um skeldýrarækt sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur

FHU Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Alþingi

Erindi nr. P 138/23/13

komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 30. apríl 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.


Almenn umsögn

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa hefur farið yfir frumvarpsdrögin en þar er gert ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipuleggi og úthluti ræktunarsvæðum meðfram ströndum landsins án samráðs við sveitarfélögin í landinu. Einungis er gert ráð fyrir því að leita umsagna hjá stofnunum ríkisins s.s.

Umhverfisstofnun, Orkustofnun og Matvælastofnun. Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er ekki ætlað neitt hlutverk eða umsögn um skeldýrarækt þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarvörnum, verndun vatns og eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Ekki er heldur gert ráð fyrir aðkomu bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa nema til að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt ína séu í samræmi við skipulag, sbr. 7 grein frumvarpsins. Eðlilegt væri að setja þyrfti skeldýrarækt inn í skipulag sveitarfélaga. Ef frumvarpið verður af lögum er í raun verið að svipta sveitarfélögin réttinum til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem er innan netlaga. Ýmis skipulagsskyld starfsemi sveitarfélaga getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og losun fráveituvatns og því mjög mikilvægt að sveitarfélögin fari með skipulag á strandsvæðum.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna bera ábyrgð á samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði m.a. þau sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa telur að verði frumvarpið að lögum stangist það á við reglugerð um varnir gegn mengun vatns auk skipulagslaga. Tryggja þarf aðkomu sveitarfélaga í lögunum.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2253
komudagur 14.5.2010

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 13. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.

VM gerir ekki efnislegar athugasemdir við ný heildarlög um skeldýrarækt.

VM telur að heildarlög um skeldýrarækt séu þörf og skilgreini betur þessa atvinnugrein.
VM vill ítreka eins og áður að reglugerðarheimildir ráðherra séu skilgreindar vel.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félagsvélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.



Alþingi

Erindi nr. P / 138 / 2316

komudagur / 7.5. 2010

Alþingi, Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Ísafirði 14. maí 2010

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með vísan til efnis á vef Alþingis varðandi frumvarp til laga um skeldýrarækt. Þingskjal 911– 522. mál.

Við gerð umsagnarinnar leitaði Fjórðungssambandið meðal annars eftir álit Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Samtaka heilbrigðissvæða á Íslandi. Vísast til umsagna þessara aðila eftir því sem við á en það er samdóma álit þessara aðila að verulega skorti á að við gerð frumvarpsins hafi verið tekið tillit til stjórnsýslulegrar aðkomu sveitarfélaga og hagsmuna þeirra hvað varðar skipulag og nýtingu á strandsvæðum. Það er þó jafnframt álit þessara aðila að lagasetning um þá starfsemi sem frumvarpið fjallar um horfi til framfara ef sniðnir eru af frumvarpinu þeir augljósu ágallar sem bent er á í umsögnum þeirra.

Aðkoma sveitarfélaga að stjórnsýslu.

Fjallað hefur verið um skipulag hagnýtingar strandsvæðis við Vestfirði í nokkur ár í tengslum við hugmyndum að gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Á grundvelli þessara hugmynda var að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum hafin vinna um mitt ár 2009 gerð nýtingaráætlunar fyrir strandsvæðið Vestfjarða. Verkefnið er unnið á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og Teiknistofunnar Eik, Ísafirði. Haldnir hafa verið vinnufundir með íbúum og hagsmunaaðilum og unnið að nánari útfærslu verkefnisins. Ljóst er að um umfangsmikið verkefni er að ræða, því hefur í framhaldinu verið mótað verkefni þar sem Arnarfjörður verður nýttur sem tilraunarsvæði í þessum efnunum. Nýta á niðurstöðu þeirrar vinnu til að útfæra lausnir fyrir aðra hluta Vestfjarða. Gæti þessi vinna einnig síðar meir nýst í öðrum landshlutum. Beiðni um aðkomu stjórnvalda að þessu verkefni hefur verið send til umhverfissráðuneytis auk samrits til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis, iðnaðarráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og dómsmála- og mannréttindaráðuneytis. Einnig hafði hluta þessara ráðuneyta m.a. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verið kynnt verkefnið við upphaf þess, júní 2009. Málið var stjórnvöldum einnig kunnugt með eftirfarandi samþykkt 54. Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið var þann 4. og 5. september 2009

Sveitarfélög á Vestfjörðum óska eftir samstarfi við ríkisvaldið um skipulag strandsvæðis Vestfjarða. Það er mat Fjórðungspings að Vestfirðir séu kjörið svæði til þess að þróa aðferðir og reglur í þessum mikilvæga málaflokki, auk þess sem þar má finna sértæka þekkingu og fjölbreyttar rannsóknir á þessu sviði.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa hér sýnt frumkvæði til að hafa áhrif á málaflokk sem allar líkur benda til að hafa veruleg og jákvæð áhrif á þróun atvinnulífs, samfélaga og efnahags á Vestfjörðum. Þeim er því mikið í mun að vel takist til í þessum efnunum og tryggð sé aðkoma þeirra í mótun málefna strandsvæðisins við Vestfirði.



Ákvæði frumvarps til laga um skeldýrarækt horfa hinsvegar í litlu sem engu til aðkomu stjórnslu sveitarfélaga að þessum nýja málaflokki. Er það miður að við gerð frumvarpsins hafi ekki verið horft til þessa frumkvæðis sem hér að framan er nefnt. Ef til vill þarf það ekki koma á óvart en í skýrslu nefndar sjávarútvegsráðráðherra um kræklingarækt¹ (júní 2008) var lagt til stofnun samráðshóps með aðild ríkisstofnana er málið varðar og hagsmunaaðila. Engin tillaga er um aðkomu sveitarfélaga í þessum efnum.

Æskilegt hefði verið að við gerð frumvarpsins hefði verið horft til annarrar tillögu nefndarinnar þar sem lagt var til að nefnd sem fjalli um skipulag strandsvæðis ljúki störfum. Ekki er nánar skýrt hvaða nefnd sé hér um að ræða, en leiða má líkum að hér sé vísað til starfshóps skipaður var árið 2002 til að fjalla um lögsögu sveitarfélaga til hafsins. Starfshópurinn lauk ekki störfum og hefur málið ekki verið tekið upp að nýju. Í annan stað hefði við gerð frumvarpsins mátt horfa til breytinga sem gerðar voru í meðförum Alþingis á frumvarpi til Fiskeldisslaga mál 531 á 135. löggjafarþingi.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa í sinni vinnu lagt áherslu að brýnt sé að koma á skipulagi á strandsvæði sem liggur að þeirra lögsögumörkum. Eins og sagt er hér upphafi hefur sambandið haft frumkvæði að því máli. Með ákvæðum frumvarps til laga um skeldýrarækt er farið í þveröfuga átt og valin leið þar sem stjórnsluna málaflokksins er nær eingöngu skipað til útfrá sjónarmiðum ráðuneyta og stofnana þeirra. Hér er vísað til ákvæða 4. gr um yfirstjórn ráðuneytis og framkvæmd mála færð Matvælastofnun og Fiskistofu. Ákvæði 5. gr, þar sem gengið er það langt að skipulagsvald jafnvel innan lögsögu sveitarfélaga er lagt í hendur ráðherra og Fiskistofu og að lokum er hér nefnd ákvæði 6. gr um bann við ræktun skeljar. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til fyrirkomulags þessara mála við Írland og Danmörku. Vill Fjórðungssamband Vestfirðinga hér benda á að lagaumhverfi og stjórnslu í Noregi horfir á málaflokkinn í heild sinni en ekki aðskilið eftir eðli eldis eða ræktunar, sjá lög um sjávareldi (akvakulturloven)². Í stefnu ríkisstjórnar Noregs er síðan lagt til grundvallar það sem kalla má lífmassa sjávar (biomasse) og úthlutun hans til starfsemi sem á sér stað á hafssvæðinu³. Að lokum má nefna að í skipulags og byggingarlögum er lagaákvæði um nána samvinnu héraða og ríkis í skipulagi strandsvæðisins⁴. Leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd taki til skoðunar þessa nálgun norskra stjórnvalda.

Að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga er það farsælla að uppbygging stjórnslunnar þar sem líkt og í annarri skipulagsvinnu á landi sé unnið útfrá heildarsýn viðkomandi sveitarfélags eða landshluta. Sveitarfélögin koma einnig á næstu árum koma inn á fleiri málaflokka innan strandsvæðisins, þar er innleiðing vatnatilskipunar Evrópusambandsins nærtækust í þeim efnum.

¹ http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla_kraklingarnefndar_juli_2008.pdf

² LOV 2005-06-17 nr 79: Lov om akvakultur (akvakulturloven).

³ <http://www.regjeringen.no/nb/dep/fkd/dok/regpubl/prop/2009-2010/prop-1-s-20092010/1.html?id=580101>

⁴ LOV 2008-06-27 nr 71: Lov om planlegging og byggesaksbehandling (plan- og bygningsloven)



Markmið frumvarpsins

Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar því að athygli stjórnvalda beinist nú að þessum málaflokki. Tekið er undir að markmið laganna sé að efla atvinnulíf og byggð í landinu. Fyrir Vestfirði, sem líkur benda til að sé kjörið ræktunarsvæði, þá er mikilvægt að vel takist til um lagasetningu í þessum efnum. Horft er til uppbyggingu þessara atvinnugreinar sem eins af lykilþáttum í eflingu núverandi atvinnulífs með jákvæðum áhrifum á búsetuþróun um alla Vestfirði. Slíkt er í takt við önnur markmið stjórnvalda að stuðla kjarnahæfni svæða um leið eflingu og aukna fjölbreytni starfa um land allt, samanber þingsályktanir sem nú eru í umfjöllun Alþingis er varða Sóknaráætlun 20/20 og Byggðaáætlun 2010-2013.

Í markmið laganna þarf hinsvegar að setja inn ákvæði um að slík uppbygging sé gerð með sjálfbærni og verndun náttúru í huga. Benda má á að slík ákvæði kæmu sjálfkrafa til skoðunar ef lögsaga sveitarfélaga næði yfir strandsvæðið.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga.

Á vegum ríkis og sveitarfélaga hefur um langt árabil verið unnið að því verkefni að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga. Slíkt hefur tekið langan tíma og flókið úrlausnarefni að færa til gróna málaflokka. Það ætti því að vera hvatning fyrir þessa aðila þegar ný verkefni eða málaflokkar koma upp, að nýta tækifærið til að skoða strax í upphafi hvernig staðið skuli að verkefnaskiptingu innan þeirra. Slíkt er í takt við önnur markmið stjórnvalda að stuðla kjarnahæfni svæða um leið eflingu og aukna fjölbreytni starfa um land allt, samanber þingsályktanir sem nú eru í umfjöllun Alþingis er varða Sóknaráætlun 20/20 og Byggðaáætlun 2010-2013.

Aðkoma heilbrigðisnefnda

Í framhaldi ábendingar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er rétt í því samhengi, að vekja athygli á að í frumvarpinu er hvergi komið inn á hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga. Samkvæmt 4. gr frumvarpsins er Matvælastofnun falið að fylgja ákvæðum laganna eftir. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sinna í dag því formi sem er á eftirliti og leyfisveitingum til eldi sjávardýra. Í stað þess að efla það hlutverk heilbrigðisnefnda er það fært frá þeim til Matvælastofnunar. Hér má vel vera að reglugerðir s.s. Evrópusambands mæli fyrir um að ábyrgð hollustumála sé á einni hendi. Matvælastofnun er hinsvegar heimilt að færa verkefni til heilbrigðisnefnda og hefði við gerð frumvarpsins átt að undirstrika þá heimild. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að ákveðin kjarnasvæði verði í skelrækt við Ísland. Sjá má fyrir að byggja megi um gott sérhæft starfsfólk á vegum heilbrigðisnefnda sem sinna hér hlutverki í héraði og á landsvísu. Slíkt er í takt við markmið frumvarpsins auk annarra markmiða stjórnvalda að stuðla kjarnahæfni svæða um leið eflingu og aukna fjölbreytni starfa um land allt, samanber þingsályktanir sem nú eru í umfjöllun Alþingis er varða Sóknaráætlun 20/20 og Byggðaáætlun 2010-2013.



Önnur atriði

15. gr. um gjaldskrá. Gæta verður hófs í gjaldröku á meðan uppbygging greinarinnar á sér stað. Tryggja verður fjármagn á fjárlögum og gera sýnilegan þann stuðning sem stjórnvöld ætla greininni í upphafi og til hve langs tíma.

Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að óheimilt sé að framselja, leigja og veðsetja ræktunarleyfi. Engar skýringar eru settar við þessa lagagrein með frumvarpinu, nema að slíkt bann sé án undantekninga. Hafa verður í huga að takist vel til í skelrækt sem og öðru fiskeldi, þá hefur reynsla erlendis frá, sýnt að mikil fjárhagsleg verðmæti geta verið falin í staðsetningu og úthlutun á afnotum á lífmassa sjávar á viðkomandi stað. Samsvörun við upphaf kvótakerfisins í fiskveiðum er hér sláandi og allri umræðu um auðlindir í þjóðareign. Telja verður að ástæða sé til að sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd fjalli ítarlega um áhrif þessara lagagreinar til skemmri og lengri tíma lítið. Benda má á að í norskum lögum um sjávareldi er framsal og veðsetning ræktunarleyfa heimil en verulegar takmarkanir eru á leigu. Fyrir samfélög líkt og á Vestfirðum verður að setja strax fram það sjónarmið að samfélög í nálægð slíkra auðlinda njóti ásættalegs afrakstrar af þeim.

19. gr. Gildistaka. Áætlað er að löggin taki nær þegar gildi eða 1. júlí n.k.. Miðað við þær athugasemdir sem hér eru settar fram verður að gefa lengri tíma til skoða áhrif laganna.

Lokaorð.

Kjarni þessa máls er að fjölbreytni í nýtingu strandsvæðisins hefur aukist á verulega á síðustu árum og sjá má fyrir áframhaldandi aukningu í þeim efnum. Nýting strandsvæðisins er að hverfa frá einhliða sjónamiðum sem hafa veiðar að meginhugsun yfir í þá hugsun að um skipulagða ræktun og nýtingu verði að ræða.

Stjórnsýsla er á höndum margra ríkisstofnana og áhrif sveitarfélaga eru takmörkuð. Frumvarp um til laga um skeldýrarækt mun að óbreyttu festa þá skipan í sessi. Varað er við að það skref sé stigið og mælt með lagaumhverfi sem hafi heildarsýn að leiðarljósi og þar verði tryggð aðild sveitarfélaganna að stjórnsýslu þessara svæða. Til vara er lagt til að ákvæði frumvarpsins verði breytt og að lágmarki verði lögum breytt í anda nefndarálits sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar við afgreiðslu nefndarinnar á lögum um fiskeldi (þingskjal 1131 – 530 mál á 135. löggjafarþingi). Fjórðungssamband Vestfirðinga er tilbúið í samstarfs um þessi efni og vísar þar til væntanlegrar reynslu af tilraunarverkefni á þessu sviði í Arnarfirði.

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2143
komudagur 11.5.2010

Reykjavík, 07.05.2010
Tilv. 21.9.1/KRÆ
JS/sdk


**Málefni: Frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál, 138. löggj. þing
2009-2010**

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um ofangreint málefni, dagsett 30. apríl 2010.

Hafrannsóknastofnunin fagnar tilurð þessa lagafrumvarps og telur komandi lög styðja uppbyggingu greinarinnar og einfalda alla vinnu fyrir ræktendur og opinbera aðila með skýrum reglum.

Stofnunin gerir aðeins eina athugasemd við frumvarpið, þ.e. við 6. gr. laganna þar sem segir að ráðherra geti takmarkað eða bannað skeldýrarækt á svæðum sem teljast viðkvæm. Í greininni kemur fram að ráðherra geti aflað umsagna viðeigandi stofnana áður en ákvörðun er tekin. Til að stuðla að vel upplýstri ákvörðun ráðherra er lagt til að ráðherra skuli leita umsagnar aðila.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



Alþingi
Nefndasvið – Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. *P* 138/2943
komudagur 12.7.2010

LHG/065/9,6/DS/sig
Reykjavík 12. júlí 2010.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.

1. Almennt

Það kemur fyrir að Landhelgisgæslan fær tilkynningar um eldis/ræktunarbúnað sem án leyfis hefur verið settur á svæði þar sem skipaumferð er mikil og veldur þar hættu. Einnig eru dæmi um starfsemi sem hefur öll tilskilin leyfi en búnaður er ekki festur nægilega vel og rekur inn á siglingaleið eða merkingar skortir. Ómerktur eldis/ræktunarbúnaður getur flækst í skrúfum stórra skipa en hann getur einnig valdið hættu fyrir litla hraðskreiða báta sem geta siglt á hann á mikilli ferð í lélegu skyggni.

Eitt af mörgum verkefnum Landhelgisgæslunnar er að tryggja öryggi sjófarenda t.d. með því að fjarlægja eða tilkynna um hluti sem geta valdið siglingahættu. Þegar leyfi eru veitt til eldis í sjó, er mikilvægt að Landhelgisgæslan fái upplýsingar um ræktunarsvæði svo hægt sé að gefa út tilkynningu til sjófarenda, sjá um þetta 10. og 11. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 52/2006. Sjófarendur merkja þá ræktunarsvæði í sjókort hjá sér og geta þannig varast að fá ræktunarbúnað í skrúfuna eða sigla á hann.

Í þessu sambandi er einnig vert að benda á 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 en þar eru ákveðnar skorður settar við starfsemi á sjó nálægt neðansjávarstrengjum.

2. Athugasemdir við einstök ákvæði

2.1. Svæðaskipting starfsemi – umsagnaraðilar – 2. mgr. 5. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Áður en ákvörðun um slíka svæðaskiptingu er tekin skal ráðherra m.a. afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, *Landhelgisgæslu Íslands*, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2.2. Staðbundið bann við starfsemi – umsagnaraðilar – 6. gr.

Lagt er til að 6. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Ráðherra getur takmarkað eða bannað skeldýrarækt eða ákveðnar aðferðir við slíka starfsemi í einstökum fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt lögum þessum. *Sama gildir ef starfsemin truflar siglingar eða veldur siglingahættu.* Áður en ákvörðun um slíkt bann er tekin getur ráðherra aflað umsagna Fiskistofu,



Hafrannsóknastofnunarinnar, *Landhelgisgæslu Íslands*, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2.3. Tilraunaleyfi – umsagnaraðilar – 2. mgr. 7. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 7. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Áður en tilraunaleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, *Landhelgisgæslu Íslands* og Siglingastofnunar Íslands, um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu tilraunasvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

2.4. Skilyrði tilraunaleyfis- merkingar – 6. mgr. 7. gr.

Lagt er til að 6. mgr. 7. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Einnig er heimilt að binda tilraunaleyfi skilyrðum um að leyfishafi *merki ræktunarsvæði til öryggis fyrir sjófarendur*, haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og framvindu ræktunartilraunar, framkvæmi tilteknar forkannanir varðandi staðarval og sýnatökur á framleiðslusvæði, efna- og örverurannsóknir, athugun á áhrifum veðurfarslegra þátta, mengun o.fl.

2.5. Ræktunarleyfi – umsagnaraðilar – 3. mgr. 9. gr.

Lagt er til að 3. mgr. 9. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Áður en ræktunarleyfi er veitt skal Matvælastofnun afla umsagna Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Siglingastofnunar Íslands um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu ræktunarsvæði eða fyrirhugaðar tegundir, stofnar eða starfsaðferðir gefi tilefni til hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. *Einnig skal leita umsagnar Landhelgisgæslu Íslands um hvort fyrirhugað ræktunarsvæði truflar siglingar eða veldur siglingahættu.* Jafnframt hefur Matvælastofnun heimild, að fenginni umsögn Fiskistofu, til að ákvarða stærð ræktunarsvæðis, hafi svæðaskipting ekki verið ákveðin, sbr. 5. gr.

2.6. Ræktunarleyfi – merking ræktunarsvæðis – 4. mgr. 9. gr.

Lagt er til að 4. mgr. 9. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir *og merkingu ræktunarsvæðis til*

öryggis fyrir sjófarendur. Ef áformað er að starfsemi samkvæmt umsókn umsækjanda fari fram innan netlaga eignarlands skal fylgja eignarheimild eða samningur við eiganda viðkomandi lands. Þá skal fylgja yfirlýsing bygginga- og/eða skipulagsfulltrúa sveitarfélags um að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýrarækt séu í samræmi við skipulag.

2.7. Mannvirki og búnaður – tilkynningar – 2. mgr. 11. gr.

Landhelgisgæslan gefur út tilkynningar til sjófarenda sem geta þá merkt ræktunarsvæði inn í sjókort hjá sér. Lagt er til að 2. mgr. 11. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):


Leyfishafi skal merkja búnað og mannvirki og senda tilkynningar um starfsemina til **Landhelgisgæslu Íslands**, Siglingastofnunar Íslands, hafnaryfirvalda í viðkomandi sveitarfélögum og annarra stjórnvalda eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna sem gilda á hverjum tíma. **Landhelgisgæslan sendir út tilkynningu til sjófarenda um staðsetningu ræktunarsvæðis.**

2.8. Lok starfsemi – tilkynningar – 13. gr.

Lagt er til að 13. gr. hljóði svo (breytingatillaga skáletruð):

Við lok starfsemi sem leyfi hefur verið veitt til samkvæmt lögum þessum, bæði tilraunaleyfi og ræktunarleyfi, er leyfishafa skylt að fjarlægja öll mannvirki og allan búnað sem hann hefur notað til starfsemi sinnar innan þriggja mánaða. Matvælastofnun getur þó veitt leyfishafa lengri frest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Ef leyfishafi sinnir ekki þessari skyldu innan framangreindra tímamarka getur Matvælastofnun látið framkvæma verkið á hans kostnað. **Tilkynna skal um lok starfsemi til Landhelgisgæslu Íslands sem kemur upplýsingum á framfæri með tilkynningu til sjófarenda.**

F. h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur



LANDSSAMBAND FISKELDISSTÖÐVA

SF SAMTÖK
FISKVINNSLUSTÖÐVA

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2217
komudagur 12.5.2010

Nefndarsvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um skeldýrarækt. Þskj. 911 – 522. mál.

Vísað er til tölvupósts Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis sem óskar eftir umsögn Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssamband fiskeldisstöðva um ofangreint mál.

Með samþykkt á þessu frumvarpi verða til sérstök lög um skeldýrarækt sem einnig gilda um kræklingarækt. Samkvæmt frumvarpinu er Matvælastofnun (Mast) ætlað að gefa út annars vegar tímabundin tilraunaleyfi og hins vegar ræktunarleyfi sem gildir í sjö ár. Tilraunaleyfi er veitt til tveggja ára í senn en heimilt er að endurnýja leyfið eitt ár í senn þannig að það gildi að hámarki í fimm ár.

Áður en ræktunarleyfi er gefið út skal umsækjandi um slíkt leyfi láta framkvæma heilnæmiskönnun á því hafsvæði þar sem hann sækir um ræktunarleyfi. Slík könnun skal skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en umsækjandi um ræktunarleyfið greiðir kostnaðinn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr rikissjóði að hluta eða öllu leyti ef heimildir fást til þess í fjárlögum.

Eftirlit með skeldýrarækt er aðallega eftirlit með heilnæmi og hollustuháttum. Matvælastofnun annast eftirlit með starfseminni með svipuðum hætti og gildir um eftirlit með annarri matvælaframleiðslu.

Gert er ráð fyrir því að greitt verði gjald fyrir veitt leyfi og eftirlit og skal gjaldið ekki vera hærra en raunkostnaður við störf Matvælastofnunar við leyfisveitingarnar og eftirlit með starfseminni. Vakni grunsemdir um að leyfishafi eða afurðir uppfylli ekki almennar og eðlilegar kröfur um meðferð og heilbrigði skeldýra skal stofnunin framkvæma viðbótareftirlit eða rannsóknir og skal leyfishafinn bera allan kostnað af slíku.

Efnislegar athugasemdir LF og SF:

7. og 9. gr. Tilrauna- og ræktunarleyfi. Æskilegast er að ein stofnun framkvæmi eftirlit og hafi yfirsýn með ræktun og eldi í sjó. Fiskistofa gefur út rekstrarleyfi fyrir fiskeldi, hefur eftirlit með starfseminni og safnar skýrslum um framleiðsluna. Kræklingaeldi og fiskeldi geta verið í sama firði og/eða svæði og skynsamlegt að ein stofnun, Fiskistofa fari með eftirlitið, ræktunarleyfi og hafi góða yfirsýn yfir ræktun og eldi í sjó. Ekki er nauðsyn að auka kostnað við eftirlit með því að fjölga eftirlitsstofnunum.

8. gr. Heilnæmiskönnun. Í frumvarpinu og skýringum kemur ekki fram, við hvað er átt með heilnæmiskönnun en fram kemur að leyfishafi beri kostnaðinn af henni. Á heimasíðu Mast eru upplýsingar um skelrækt og heilnæmiskönnun. Markmið heilnæmiskönnunar Mast er að kanna mengunaruppsprettur og flokka svæði efir áhættu og skilgreina eftirlit. Heilnæmiskönnun getur tekið allt að 12 mánuði liggi engin gögn fyrir. Slík könnun getur því verið kostnaðarsöm án þess að nokkuð það komi í ljós sem réttlætir þann kostnað.

Heilnæmiskönnun gæti flokkast sem grunnrannsókn á nýtingu svæðis og mikilvægt er að skelræktendur geti sótt um fjárhagsstuðning til að greiða kostnað vegna heilnæmiskönnunar úr ríkissjóði að hluta eða öllu leyti.

15. gr. Ráðherra skal gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Mast að fengnum tillögum stofnunarinnar. Taka skal tillit til a. „*hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta*“ Orðalag fyrrihluti setningarinnar er óskiljanleg en seinni hlutinn sá þáttur sem ákvarðar tíðni og eftirlit. b. „*hagsmuni fyrirtækja með litla framleiðslu*“ Því er mótmælt harðiega ef skilja á ákvæðið á þann veg að mismuna eigi fyrirækjum eftir stærð.

16. gr. Greinin er óheppileg og kemur í veg fyrir að fjármagn berist til greinarinnar en einnig ber eigandinn minna úr bitum við sölu á fyrirtæki sínu við þessar aðstæður.

Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva og
Landssamband fiskeldisstöðva



Guðbergur Rúnarsson



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010

Umsögn Matis ohf. vegna frumvarps til laga um skeldýrarækt

Þskj. 911 — 522. mál.

Frumvarp til laga

um skeldýrarækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Fyrst vill Matis lýsa yfir ánægju með að þetta lagafrumvarp sé lagt fram!

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til:

3. gr liður 10. *Skeldýraræktarstöð* verði breytt í *Ræktunarstaður skeldýra*.

Útskýring: Þessi breyting er lögð til þar sem skeldýr eru ekki ræktuð í stöðvum í sjó heldur á skilgreindum stöðum eins og lögin gera ráð fyrir.

5. gr. Svæðaskipting starfsemi.

Eftirfarandi umsagnaraðilar eru tilgreindir:


Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Matvælastofnun, Orkustofnun, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun.

Lagt er til að eftirfarandi umsagnaraðila verði bætt við: **Matis ohf.**

Útskýring: Lagt er til að Matis ohf. sé talið upp í hópi umsagnaraðila vegna rannsókna og sérfræðipækkingar á kræklingarækt, umhverfisáhrifum eldis/ræktar í sjó og áhættumati sem er til staðar hjá Matis.

Athugasemdir við þennan lið laganna

1. Bent á þá staðreynd að Fjöleldi í sjó (e. Polyculture) er hugtak sem er í ríkara mæli að ryðja sér til rúms, sérstaklega á Bretlandseyjum og í Kanada. Fjöleldi í sjó er þegar fiskur er alinn í kvíum. Hlémegin við straum frá kvíunum eru svo lagðar línur þar sem alinn er kræklingur. Þetta er gert með það að markmiði að minnka umhverfisáhrif frá fiskeldinu (úrgangur frá fiskinum og fóðurleyfar verða fóður fyrir kræklinginn) en um leið eykur þetta á vaxtarhraðann hjá kræklingnum vegna aukins magns lífrænna efna í vatnsmassanum. Rannsóknir á þessu sviði vantar tilfinnanlega því ýmiss vandamál geta komið upp. Sem dæmi má nefna ef lyfjafóðra þarf fisk eða baða hann í kvíunum. Samspilið er einnig órannsakað að mestu, vitað er að kræklingurinn vex hraðar þegar fjöleldi á sér stað, en í hversu miklum mæli er ekki vitað.



6. gr. Staðbundið banu við starfsemi o.fl.

Eftirfarandi umsagnaraðilar eru tilgreindir:

Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Matvælastofnunar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Lagt er til að eftirfarandi umsagnaraðila verði bætt við: **Matis ohf.**

Útskýring: Lagt er til að Matis ohf. sé talið upp í hópi umsagnaraðila vegna rannsókna og sérfræðiþekkingar á kræklingarækt, umhverfisáhrifum eldis/ ræktar í sjó og áhættumati sem er til staðar hjá Matis

7. gr. Tilraunaleyfi

Eftirfarandi umsagnaraðilar eru tilgreindir:

Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun og Siglingastofnunar Íslands

Lagt er til að eftirfarandi umsagnaraðila verði bætt við: **Matis ohf.**


Útskýring: Lagt er til að Matis ohf. sé talið upp í hópi umsagnaraðila vegna rannsókna og sérfræðiþekkingar á kræklingarækt, umhverfisáhrifum eldis/ ræktar í sjó og áhættumati sem er til staðar hjá Matis

Síðasta málgrein segir: Matvælastofnun er heimilt að veita tilraunaleyfishafa forgang að ræktunarleyfi á viðkomandi svæði að gildistíma loknum.

Eftirfarandi breyting er lögð til á málsgreininni:

Matvælastofnun skal hafa að leiðarljósi reynslu tilraunaeldishafa á tilraunaeldissvæðinu þegar ræktunarleyfi er veitt á viðkomandi svæði að loknum gildistíma tilraunaleyfisins. Þannig njóti tilraunaeldishafi forskots þegar kemur að útgáfu ræktunarleyfis á viðkomandi svæði.

Útskýring: Þessi breyting er lögð til á þeim forsendum að tilraunaleyfishafi verður að hafa ákveðna tryggingu fyrir því að einhver annar aðili geti ekki stökkið fram fyrir hann þegar kemur að útgáfu ræktunarleyfis fyrir viðkomandi tilraunaleyfissvæði. Með þessari breytingu er því gefinn hvati til að tilraunaleyfishafi nýti sér leyfið með ákveðinni tryggingu um að hann njóti forgangs þegar kemur að útgáfu ræktunarleyfis reynist svæðið vel til ræktunar



9. gr. Ræktunarleyfi

Í fjórðu málgrein kemur fram að: *Umsókn um ræktunarleyfi skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi, sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir.*

Eftirfarandi breyting er lögð til á málsgreininni: *Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um eignaraðild að skeldýraræktarstöð, fagþekkingu umsækjenda um ræktunarleyfi á viðkomandi, sviði, stærð og umfang starfsemi, framleiðslumagn og tegundir, áætlun um fyrirhugaða vöktun á ræktunarsvæðinu.*

Útskýring: Áður en ræktunarleyfi er gefið út er nauðsynlegt að fyrir liggi áætlun um vöktun með ræktunarsvæðinu þannig að ræktandi haldi skrár um fjölda lína, botnfestingar og nýtingu ræktunarsvæðis, framkvæmi tiltekna sýnatökur á framleiðslusvæði s.s. efna- og örverurannsóknir, mengun o.fl. sbr. 7gr.laganna fyrir tilraunaleyfi. Þessi gögn verði síðan grundvöllur skýrslu sem leyfishafi skal skila Matvælastofnun um ræktunina árlega sbr. 7 málsgrein í 9 gr. laganna. Þessi gögn eru einnig nauðsynlegur grundvöllur fyrir afturköllun á ræktunarleyfi sbr. 10. gr.

Eftirfarandi umsagnaraðilar eru tilgreindir:

Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Siglingastofnun Íslands

Lagt er til að eftirfarandi umsagnaraðila verði bætt við: **Matís ohf**

Útskýring: Lagt er til að Matís ohf, sé talið upp í hópi umsagnaraðila vegna rannsókna og sérfræðiþekkingar á kræklingarækt, umhverfisáhrifum eldis/ ræktar í sjó og áhættumati sem er til staðar hjá Matís

Fyrir hönd Matís ohf.

Dr. Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri

Skrifstofu Alþingis,
b.t. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. 138/2472
komudagur 20.5.2010



Selfoss, 17. maí 2010
Málanr. MAST10040150

Umsögn Matvælastofnunar Þskj. 911 — 522. mál.

Um Frumvarp til laga um skeldýrarækt

Þann 1. mars 2010 tóku hérlendis gildi reglugerðir um gildistöku reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins nr. 852-, 853- og 854/2002 er lúta að hollustuháttum og opinberu eftirliti við matvælaframleiðslu, þ.m.t. framleiðslu og ræktun á skeldýrum. Bein skörun milli frumvarps um skeldýrarækt og þessara reglugerða á ekki að vera til staðar enda er vísað til þess í 8. og 14. gr. frumvarpsins að um heilnæmiskönnun og um framleiðslu, dreifingu, eftirlit og heilnæmi afurða fari eftir áður nefndum reglugerðum.

Frá áramótum hafa einstaka kræklingaræktendur stundað veiðar á villtum kræklingi í Hvalfirði og á fleiri svæðum og flutt frá veiðisvæði á ræktunarsvæði sitt í Eyjafirði til áframhaldandi ræktunar, en svæði sem um ræðir hafa ekki verið flokkuð og viðurkennd af Matvælastofnun.

Viðbúid er að áframhald verði á þessum veiðum og má gera ráð fyrir að flutningur á lifandi dýrum með þessum hætti gæti haft ýmis vandamál í för með sér, s.s. vegna útbreiðslu á sjúkdómum og sníkjudýrum, við blöndun ólíkra erfðastofna og flutning á óæskilegum tegundum skeldýra milli landshluta. Við útgáfu á ræktunarleyfi, sbr. 9. gr. frumvarpsins eru skoðuð neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif og má velja því upp hvort sömu atriði ættu að vera til skoðunar þegar veidd skeldýr eru flutt milli svæða til áframeldis. En ekkert í frumvarpinu eða áður nefndum reglugerðum bannar veiðar á einu svæði og áframhaldandi ræktun á öðru ef um er að ræða tvö flokkuð svæði.

Eins vekur stofnunin athygli á því að skv. 4. gr. frumvarpsins fer Fiskistofa með eftirlit með veiðum skeldýra, vigtun og skráningu sjávarafila í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Ekkert er hins vegar kveðið á um upplýsingaskyldu til Matvælastofnunar, sem þarf með vísan til áður nefndra reglugerða að tryggja að skeldýr sem sett eru á markað komi af svæðum sem hafa farið í gegnum heilnæmiskönnun og verið flokkuð af stofnuninni. Af þeim sökum er því hér með velt upp hvort ekki sé rétt að fela Fiskistofu það verkefni að hafa eftirlit með að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af Matvælastofnun og að Fiskistofa upplýsi Matvælastofnun um atriði sem viðkoma skeldýraveiðinni, s.s. hvaða aðilar stundi veiðarnar, aflabrögð og hvar skeldýranna sé aflað.

F.h Matvælastofnunar

Viktor Stefán Pálsson
Forstöðumaður Stjórnsýslusviðs

Afrit: nefndasvid@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2419
komudagur 18.5.2010

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010
2010040011/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög), 522. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög), 522 mál.

Náttúrufræðistofnun telur að styrkja þurfi lagaramma um ræktun kræklinga og annarra lindýra og er að því leyti fylgjandi þessu frumvarpi. Stofnunin telur hins vegar að frumvarpið þarfnist nokkurrar lagfæringa. Helstu athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við frumvarpið eru eftirfarandi.

Hugtakið skeldýr er illa skilgreint í frumvarpinu og ósamræmi í notkun þess. Í 8. tl. 3. gr. er hugtakið skeldýr skilgreint sem *flokkur lindýra sem hefur um sig skel*. Í 2. gr. um gildissvið frumvarpsins segir hins vegar að það taki til ræktunar skeldýra, en að *ákvæði laganna gilda einnig um skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla*. Nú eru möttuldýr og sæsniglar lindýr með skel og ættu þess vegna að tilheyra flokki skeldýra samkvæmt skilgreiningunni. Málið verður snúnara þegar athugasemdir við frumvarpið eru lesnar, en þar segir m.a. að verið sé að *setja lög um skeldýrarækt sem munu þá einnig gilda um kræklingarækt*. Skýra þarf betur til hvaða hryggleysingja frumvarpið taki til og gera það með skiljanlegum hætti.

Nokkrar aðrar skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins eru illskiljanlegar og flauturslega unnar. Þannig er hugtakið *ræktun* t.d. skilgreint í 6. tl., en í 9. tl. er hugtakið *skeldýrarækt* skilgreint með nákvæmlega sama hætti. Í 7. tl. er hugtakið *ræktunarsvæði* skilgreint sem svæði sem skeldýraræktarfyrirtæki (orðskrípi) *ræktar skeldýr og dýr sem ekki eru fóðruð* ... Hvernig ber að skilja orðin *og dýr* í þessu samhengi?

Er virkilega þörf á að skilgreina hugtakið *skeldýraræktarstöð* sem *afmarkað svæði eða mannvirki þar sem skelræktarfyrirtæki ræktar skeldýr* ?

Um framleiðslusvæði segir í 2. tl.: *Sjávarsvæði, ármynni eða lón þar sem er að finna náttúruleg skeldýr eða svæði sem eru notuð til að rækta skeldýr og þaðan sem lifandi skeldýr eru tekin*. Hér virðist einfaldlega skellt saman í eina skilgreiningu náttúrulegum svæðum með náttúruleg skeldýr og ræktunarsvæðum. Hvaða svæði eru þá framleiðslusvæði? Er það



öll strandlengja Íslands þar sem finnast náttúruleg skeldýr?

Tengingu virðist vanta við t.d. lög um náttúruvernd. Ekkert er t.d. fjallað um flutning tegunda eða stofna skeldýra milli hafsvæða. Jafnframt segir í 5. gr.: *Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.* Er það svo að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á að geta ákveðið þessi svæði eingöngu með því að leita umsagna? Ekki ber að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar skv. þessari grein?

Í 7. gr. frumvarpsins um tilraunaleyfi er kveðið á um í 2. mgr. að Matvælastofnun skuli leita umsagna þriggja aðila áður en tilraunaleyfi er veitt um hættu á neikvæðum vistfræði- eða erfðafræðiáhrifum á svæðinu vegna starfseminnar. Enginn þessara þriggja aðila heyrir til ráðuneytis umhverfismála, en eðlilegt er að stofnanir þess veiti umsögn um þessa hættu. Í þessu sambandi er athyglisvert að í 3. mgr. um upplýsingar með umsókn um tilraunaleyfi er ekki farið fram á upplýsingar um náttúrufar viðkomandi svæðis. Úr því þarf að bæta.

Í 17. gr. um reglugerðarheimildir ráðherra eru taldir upp fjórar stofnanir sem ráðherra skal eftir því sem við á leita til um umsagnir við setningu reglugerða. Engin þessara stofnana heyrir til umhverfiráðuneytisins, sem er óeðlilegt að mati Náttúrufræðistofnunar.

Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. þ / 38 / 2318
komudagur 17.5.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. maí 2010
Tilvísun: 2010040014
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 30. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.

Almennt.

Orkustofnun vekur athygli á því að í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að það er samið í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að tilhlutan samráðshóps um kræklingarækt sem ráðherra skipaði 26. nóvember 2008. Hlutverk samráðshópsins var að *samþætta* starf ríkisstofnana og koma með tillögur til ráðherra um fyrirhuguð ræktunarsvæði sem færu í heilnæmiskönnun og mat á tíðni eittraðra svifþörunga.

Í ljósi framangreinds veltir Orkustofnun því fyrir sér hvernig hlutverk stofnunarinnar varðandi efnistöku af hafsbotni, í samræmi við lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna og erindisbréf þar um, hafi verið samþætt nýtingu samkvæmt frumvarpi að lögum um skeldýrarækt. Í þessu samhengi kemur einnig til skoðunar hlutverk Orkustofnunar samkvæmt lögum nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Orkustofnun vekur athygli á því að ekki hefur verið gerð nein heildræn áætlun eða heildarskipulag um nýtingu á þeim auðlindum sem um ræðir, hvorki innan né utan netlaga. Orkustofnun veltir því fyrir sér hvort sá möguleiki geti verið fyrir hendi að þau svæði sem stofnunin hefur gefið út sérleyfi fyrir, til efnistöku af hafsbotni, verði einnig skipulögð sem ræktunarsvæði fyrir skeldýr. Orkustofnun hefur frá því í júní 2009 gefið út sérleyfi til tíu ára, til efnistöku af hafsbotni, fyrir 15 svæði í Kollafirði, Hvalfirði og sunnanverðum Faxaflóa. Sömu spurningar vakna varðandi þau víðáttumiklu svæði sem nú eru í gildi leitar- og rannsóknarleyfi á fyrir kalkþörungaset, þ.e. Miðfjörð, Hrútafjörð og Steingrímsfjörð í Húnaflóa, innanvert Ísafjarðardjúp, Dýrafjörð, Tálknafjörð og Patreksfjörð. Sömu leiðis vakna spurningar varðandi aðra þá nýtingu sem Orkustofnun er leyfisveitandi fyrir

Þá bendir Orkustofnun á að á stórum svæðum meðfram ströndum landsins er lítið sem ekkert vitað um auðlindir á, í eða undir hafsbotni og því sé varhugavert að leggja slík svæði undir skeldýrarækt til 7 ára í senn, sbr. 9. gr. frumvarpsins. Að öllu framangreindu sögðu telur stofnunin brýna þörf á kveðið verði á um skipulagsvald utan netlaga í heildarlöggjöf um skipulag og að heildrænt skipulag verði gert fyrir hafsbotninn við Ísland, bæði innan og

utan netlaga.

Orkustofnun sem umsagnaraðili.

Einungis er gert ráð fyrir að Orkustofnun veiti umsögn um skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins, skv. 5. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið leggur Orkustofnun ríka áherslu á að stofnunin verði gerð að lögbundnum umsagnaraðila í öllum þeim tilvikum þar sem umsagna skal aflað, þ.e., auk 5. gr., skv. 6., 7., 9. og 17. gr. frumvarpsins.

Af athugasemdum við frumvarpið er og erfitt að átta sig á því af hverju Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands eru stundum tilteknar sem umsagnaraðilar en ekki alltaf, eins og t.d. Siglingastofnun Íslands.

Um einstakar greinar.

Í **11. tölul. 3. gr.** er hugtakið *þörungaeitur* skilgreint. Hugtakið kemur þó hvergi annars staðar fyrir í frumvarpinu.

Ankannalegt er að *ræktun* og *skeldýrarækt*, sbr. **6. og 9. tölul. 3. gr.**, eru skilgreind með nákvæmlega sama hætti. Nær væri að styðjast í frumvarpinu við annað hugtakið en sleppa hinu.

Í athugasemdum við **5. gr.** frumvarpsins segir m.a.: „Nauðsynlegt þykir að setja reglur um skipulag um hvers konar nýtingu strandsvæða þar sem tekið er tillit til þeirra fjölmörgu hagsmunaárekstra sem geta orðið á milli þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti, sem eru t.d. landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárshúsa, eigendur netlaga, æðarbændur, veiðiréttarhafar, sjófarendur, fiskeldisaðilar, aðilar sem nýta þara eða þörungum o.fl.“ Hér er ekkert minnst á nýtingu þeirra auðlinda sem Orkustofnun er leyfisveitandi fyrir, s.s. mól og sand, skeljasand, kalkþörungaset, málma, olíu og gas.

Orkustofnun vekur athygli á því að ræktunarsvæði innan netlaga hljóta að falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og því vafasamt að fela ráðherra skipulagsvald á þeim svæðum án þess að skýrt sé kveðið á um valdmörk milli skipulagsvalds ráðherra og sveitarfélaga. Varðandi skipulag utan netlaga bendir Orkustofnun á að þar væri einnig æskilegra fyrirkomulag að almennt skipulag yrði gert eða einhvers konar áætlun þar sem tekið yrði tillit til allrar mögulegrar nýtingar og því ekki séð að slíkt vald ætti að vera á höndum einhvers eins ráðherra. Í þessu sambandi vísar Orkustofnun til framangreindra athugasemda í almenna kafla þessarar umsagnar og veltir því fyrir sér hvort ein tegund nýtingar geti með þessum hætti öðlast forgang gagnvart annarri tegund nýtingar. Þó er hvergi skýrt kveðið á um slíkt og því hæpið að sú verði raunin en eftir stendur þó spurning um hvernig hin fjölbreytta nýting á, í og undir hafsbotni verði samræmd.

Orkustofnun telur rétt að í **6. gr.** frumvarpsins verði kveðið á um skyldu ráðherra til að afla umsagna. Þá ítrekar Orkustofnun fyrri athugasemdir um að stofnunin verði gerð að lögbundnum umsagnaraðila skv. 6. gr.

Orkustofnun ítrekar fyrri athugasemdir um að stofnunin verði gerð að lögbundnum umsagnaraðila skv. **7. og 9. gr.** frumvarpsins.

Orkustofnun rekur augun í að **12. gr.** frumvarpsins ber heitið **Eftirlit og skýrslugjöf** en í

greininni er ekki fjallað um skýrslugjöf.

Orkustofnun telur rétt að í 17. gr. frumvarpsins verði kveðið á um skyldu ráðherra til að afla umsagna og ítrekar fyrri athugasemdir um að stofnunin verði gerð að lögbundnum umsagnaraðila skv. 17. gr.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir að svo stöddu.

Virðingarfyllst


Bryndís G. Róbertsdóttir


Valborg Steingrimsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2176
komudagur 11.S. 2010

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

11. maí 2010.

Vísað er í tölvupóst frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis 27. og 30. apríl 2010 þar sem beðið er um umsagnir Samtaka eigenda sjávarjarða (SES) í málum nr. 522, 468, 589 og 590:

Stjórn SES gefur eftirfarandi umsagnir og óskað er eftir að tillit verði tekið til þeirra við löggjöf:

X 522. mál:

Stjórn SES álitur að 5. liður 3. gr. Skilgreiningar skuli orðast með sama hætti og í lögum nr. 64/1994 auk þess að bætt verði við skilgreiningu á dýpi:

Netlög: „Hafsvæði 115 m út frá stórstraumsfjörumáli landareignar eða 115m út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að. Netlög fylgja einnig eyjum, hólum og skerjum í sjó og stöðuvötnum. Samkvæmt lagaritinu Jónsbók frá 1281 eru lagafyrirmæli í gildi um að netlög skuli miðuð við dýpi”.

Mörk netlaga hafa verið skýrð sem 7-8 metra dýpi. Vísað er í heimildir Páls Vídalín, lögmanns 1667-1727 í því sambandi.

468. mál:

Stjórn SES telur að tillit beri að taka til lögvarinna hagsmuna eigenda sjávarjarða um eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni við úthlutun aflaheimilda. Ennfremur að þeir verði, sem löglegir eigendur, hafðir með í ráðum við lagasetningar er varða hina hreyfanlegu auðlind.

590. mál:

Alls ekki er nógu vel ljóst hvað átt er við í 1. gr. þar sem segir að „Hvalastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Fyrir það fyrsta eru eigendur netlaga hluti íslensku þjóðarinnar en þeir eiga lögvarin séreignarréttindi í Íslandsmiðum, þ.e. í landhelginni og fiskveiðilögsögunni, sem aðrir eiga ekki. Því er hér lögð fram tillaga um að þessi setning verði leiðrétt og hún orðuð svona: „Hvalastofnar á Íslandsmiðum utan netlaga eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Svo segir: „Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna“. Þessi setning ætti að orðast svona: „Ráðherra skal við ákvarðanir í þessu efni líta til hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega 2. 7. og 17.2 gr.“.

12. gr. verði orðuð svona: „Eigendur skipa sem hafa leyfi til hvalveiða skulu greiða hvalveiðigjald fyrir hvern veiddan hval og skal hvalveiðigjaldið ákveðast sameiginlega af eigendum auðlindarinnar og greiðast hlutfallslega til eigenda auðlindarinnar“.

Virðingarfyllt,
Ómar Antonsson, formaður SES



SHÍ

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. P 138/2317
komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

14. apríl 2010

Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt

Nefndasvið Alþingis óskaði með tölvubréfi dagsettu 30. apríl 2010 eftir umsögn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi við frumvarp til laga um skeldýrarækt, heildarlög 522 mál. Eftirfarandi er umsögn samtakanna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipuleggi og úthluti ræktunarsvæðum meðfram ströndum landsins án nokkurs samráðs við sveitarfélögin í landinu. Einu takmarkanir á ákvörðun ráðherra um skipulag og úthlutun ræktunarsvæða í túnfæti sveitarfélaganna er að afla umsagnar stofnanna ríkisins s.s. Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Siglingamálastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Verulega skortir í frumvarpsdrögunum að tekið sé tillit til stjórmsýslulegra aðkomu sveitarfélaga. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er ekki ætlað neitt hlutverk þrátt fyrir að eftirlitið hafi umsjón með mengunarrörnum og eftirlit með fráveitum sveitarfélaga. Að lágmarki væri rétt að heilbrigðiseftirlit fengi að gera umsögn um þessa starfsemi. Ekki er að sjá að bygginga- og /eða skipulagsfulltrúar eigi aðra aðkomu að skipulagi skeldýraræktunar í næsta nágrenni aðra en þá að gefa út yfirlýsingu þess efnis að mannvirki sem áformað er að nota við skeldýraræktina séu í samræmi við skipulag, sbr. 7 grein frumvarpsins. Sveitarfélögum er ætlað að gera skipulagsáætlanir sbr. skipulagslög, um þróun byggða og landnotkun sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi. Í gerð áætlana skal m.a. skal m.a. taka mið af umhverfi og áhrifum á náttúruauðlindir og gera samanburð á þeim kostum sem til greina koma. Ef frumvarpið verður af lögum er í raun verið að svipta sveitarfélögin réttinum til að skipuleggja landsvæði sveitarfélagsins sem er innan netlaga en eina hlutverk fulltrúa sveitarfélaganna verður að veita yfirlýsingu um húsnaði eins og áður segir. Ýmis skipulagsskyld starfsemi sveitarfélaga getur rekist á við hagsmuni skeldýraræktar s.s. mengandi starfsemi af ýmsu tagi, hafnarmannvirki og losun fráveituvatns það er því aðmati samtakanna mjög mikilvægt að sveitarfélögin eigi aðkomu að ákvörðunum um skiptingu ræktunarsvæða, sbr. 5. gr. frv. og leyfisveitingar skv. III. kafla frv.



SHÍ


Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna eiga samkvæmt reglugerð 796/1999 að flokka vatn þ.m.t. strandsjó. Sveitarfélögin skulu jafnframt samkvæmt reglugerðinni vernda og kortleggja vatnasvæði m.a. þau sem skulu njóta sérstakrar verndar eða hafa sérstöðu vegna nytja af ýmsu tagi. Það ber því ekki á öðru en að frumvarpið gangi gegn gildandi reglugerðum um vatnsvernd og markmiðum skipulagslaganna. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja að fyrirkomulag leyfisveitinga og eftirlits verði í sem bestu samræmi við frumvarp til laga um vatnsstjórn sem vænta má að verði að lögum á næstunni.

Bent skal á að í 12. gr. frv. þarf að gæta að því að ákvæði um framsal eftirlits sé inni í frumvarpinu, sbr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum. Lagt er til að við greinina bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Matvælastofnun er heimilt að framselja eftirlit skv. 1. mgr., sbr. 22. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

Virðingarfyllst


Þorsteinn Narfason,
Ritari SHÍ.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2254
komudagur 14.S. 2010

Alþingi
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 12.05.2010
Tilv. 021
HJ


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skeldýrarækt (heildarlög), 522. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til erindis sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 30. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um 522. mál.

Í lögum um vitamál nr. 132/1999 er í 2. gr. kveðið á um að Siglingastofnun Íslands beri að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið. Í 6. mgr. sömu laga segir: “Jafnframt skal leita umsagnar Siglingastofnunar um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.”

Siglingastofnun telur að með ákvæðum í 5. og 6. gr. frumvarpsins sé skilyrðum laga um vitamál mætt og gerir því ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt
f.h. Siglingastofnunar Íslands


Hermann Guðjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2314
komudagur 17.5.2010



2010050047
9140

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010
/--


Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um frumvarp til laga um skeldýrarækt, 522. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 30. apríl 2010, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um skeldýrarækt 522. mál.

1. mgr. 5. gr.

Ákvæðið hljóðar svo í núverandi mynd: *Ráðherra er heimilt, ef vistfræðileg eða hagræn rök mæla með því, að ákveða samkvæmt lögum þessum skipulag og skiptingu ræktunarsvæða meðfram ströndum landsins. Ráðherra getur falið Fiskistofu umsjón með skipulagi, gerð og vörslu gagnagrunns um svæðaskiptingu vegna ræktunarsvæða.* Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð segir svo ennfremur að nauðsynlegt þygi að setja reglur um skipulag um hvers konar nýtingu strandsvæða þar sem tekið sé tillit til þeirra fjölmörgu hagsmunarékstra sem geta orðið á milli þeirra sem vilja nýta strandsvæði með einum eða öðrum hætti, sem eru t.d. landeigendur, eigendur sumar- eða heilsárshúsa, eigendur netlaga, æðarbændur, veiðiréttarhafar, sjófarendur, fiskeldisaðilar, aðilar sem nýta þara eða þörung o.fl.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að í stað þess að einungis sé unnið skipulag um ræktunarsvæði við strendur landsins, verði unnið heildsætt skipulag fyrir strandsvæði, þar sem jafnframt verði gerð grein fyrir annars konar nýtingu, s.s. vinnslu auðlinda, fiskeldi o.s.frv. Að öðru leyti telur stofnunin að gera þurfi nánari grein fyrir málsmeðferð við gerð umrædds skipulags, framsetningu þess og tengslum við aðrar skipulagsáætlanir.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2319
komudagur 17.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Unnar Kristínar Sveinbjarnardóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um skeldýrarækt. (522. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu reglna um skeldýrarækt.

Með aukinni sókn í skeldýrarækt er eðlilegt að því sé fylgt eftir með tilheyrandi regluverki þar sem fyrra regluverk dugði ekki til, enda var hún fell undir lög um fiskeidi nr. 71/2008. Heilt á titið er framlagt frumvarp gott og virðist vera í samræmi við annað regluverk á þessu sviði, verður þó að gera athugasemdir við nokkur atriði frumvarpsins.

Frumvarpið er sett fram til að skýra ákveðna lagaóvissu sem ríkti í kringum skeldýrarækt þar sem reglur á því sviði skorti. Frumvarpið hefur hins vegar þann ágalla að ákvæði þess eru ekki skilmerkilega sett fram og eru á köflum frekar torlæsin. Með því að setja ákvæði frumvarpsins skýrar upp og hafa styttri og hnitmiðaðri ákvæði, í stað lengri ákvæða með mörgum málsgreinum sem taka á ólíkum hlutum, mætti gera frumvarpið mun skýrar og auðveldara til lesningar og um leið framkvæmdar.

Aðrar athugasemdir vegna frumvarpsins snúa að mestu leyti að orðanotkun og áherslum í frumvarpinu. Má þar fyrst nefna að í 6. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra geti aflað umsagnar hjá upptöldum aðilum þegar kemur að því að taka ákvörðun um staðbundið bann við starfsemi samkvæmt lögnum. Athugasemd undirritaðrar lýtur að því að þarna er sett fram heimild til handa ráðherra til að leita umsagnar en ekki skylda. Í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, er sett fram í sambærilegu ákvæði, 6. gr. laganna, skylda ráðherra til að leita umsagnar upptaldrá aðila. Verður að teljast eðlilegt að ráðherra sé skylt að leita umsagnar hjá sérfróðum aðilum áður en tekin er ákvörðun um vernd ákveðinna svæða þar sem að baki slíkrar ákvörðun hlýtur að þurfa að koma til ákveðin sérfræðipækking á svæðinu og nýtingu þess.


Í 8. gr. frumvarpsins er gerð sú krafa að áður en rekstrarleyfi er gefið skuli leyfishafi eða umsækjandi láta fara fram heilnæmiskönnun. Slík könnun skal þó skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun en greidd af leyfishafa eða umsækjanda, skal hún fara fram í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna. Ekki eru sérstök lagaákvæði eða reglur í gildi um framkvæmd slíkrar könnunar eða umfang hennar svo undirrituð hafi orðið vör við. Eðlilegt væri að samhliða ákvæðinu yrðu sett viðmið fyrir framkvæmd slíkrar könnunar. Skipulag og framkvæmd er að öllu leyti í höndum Matvælastofnunar og hefur greiðandi því ekkert um umfang eða framkvæmd að segja. Eðlilegt er að leyfishafi eða umsækjandi beri kostnað af slíkri könnun, en að fyrirfram ákveðin viðmið ráði skipulagi og framkvæmd en hún sé ekki matskennd hverju sinni. Að öðrum kosti mætti t.d. slík könnun fara fram á vegum leyfishafa eða umsækjanda sjálfra, líkt og umhverfismat, og lágmarkskröfur um efni hennar settar fram og svo skipulagt og framkvæmt af leyfishafa

eða umsækjanda. Ekki er gert ráð fyrir í ákvæði frumvarpsins um reglugerðaheimild ráðherra í 17. gr. að sett sé reglugerð um framkvæmd slíkra heilnæmiskannana, væri hugsanlega hægt að gera ráð fyrir fyrir mælum um framkvæmd hennar með þeim hætti.

Í 15. gr. frumvarpsins er svo kveðið á um gjalddökuheimild vegna leyfisveitinga og eftirlits. Gert er ráð fyrir heimild ráðherra til að setja í reglugerð gjaldskrá vegna eftirlits og fyrir mæli um hvernig því skuli háttar. Hinn vegar kemur ekki fram hvernig skuli háttað gjalddöku vegna leyfisveitinga með öðrum hætti en að hún skuli endurspegla raunkostnað. Í þessu felst ákveðin óvissa fyrir leyfishafa og umsækjandur. Eðlilega getur verið verulegur kostnaðarmunur á einstökum leyfum og eftirliti og getur því verið þörf á svigrúmi til gjalddöku en ekki eitt fast gjald. Eins mætti fara með gjalddöku vegna leyfisveitinga og eftirlits, þ.e. með útgáfu gjaldskrár, með því má draga úr kostnaðarlegri óvissu fyrir umsækjendur og leyfishafa.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands